



Borgarráð

Frakkastígur 1 - sala byggingarréttar

Óskað er eftir að borgarráð heimili skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að bjóða byggingarrétt lóðarinnar Frakkastígur 1, L101093, F2327608, til sölu í sölusamkeppni.

Greinargerð:

Þann 10. desember 2020 samþykkti borgarráð tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Frakkastíg-Skúlagötu vegna fyrirhugaðrar nýbyggingar við Frakkastíg 1. Breytingin var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 2. febrúar 2021. Hámarks byggingarmagn lóðarinnar við Frakkastíg 1 er 1.665 fermetrar. Byggingin má vera 7 hæðir auk bílakjallara, efstu tvær hæðirnar verða inndregnar. Húsfélagið Skúlagötu 20 kærði framangreinda ákvörðun borgarráðs til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þann 26. febrúar sl. en með úrskurði þann 2. september sl. hafnaði úrskurðarnefndin kröfu kæranda.

Skipuð verður matsnefnd sem verður falið að meta tilboð út frá nokkrum þáttum, s.s. hönnun hússins, umhverfisgæðum líkt og kolefnisspori o.fl. auk tilboðsverðs.

Ívar Örn Ívarsson
skrifstofa borgarstjóra og borgarritara